

Alþingi - nefndasvið  
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Norðurlandi vestra 4. apríl 2017.*


**Efni:** Umsögn stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum (bílastæðagjöld). Mál 307

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) fagnar því að frumvarp þetta sé lagt fram og mælir með því að það verði að lögum. Með auknum ferðamannastraum hafa komið fram auknar kröfur þess efnis að sveitarfélög leggi í ýmiskonar kostnað til að bæta aðgengi að ferðamannastöðum, þar á meðal gerð bílastæða. Ástæður þessa má meðal annars rekja til þess að ekki hafa verið skýrar lagaheimildir fyrir gjaldtöku einstaklinga og sveitarfélaga t.d. vegna bílastæða. Verði þetta frumvarp að lögum bætir það aðeins stöðu sveitarfélaga og annarra sem þurfa að leggja til og fjármagna bílastæði og aðra aðstöðu vegna aukins straums ferðamanna til landsins.

Virðingarfyllst,  
f. h. stjórnar SSVN



Samtök sveitarfélaga  
á Norðurlandi vestra  
Kt. 541292-2419  
Höfðabraut 6 · 530 Hvammstangi



---

Björn Lindal Traustason,  
framkvæmdastjóri